

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.

Árið 2025, þriðjudaginn 28. janúar kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1192. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Siemsen Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Almennadalur 9 - USK25010148

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060970 með því að hækka gólf í stíum í hestúsi á lóð nr. 9 við Almennadal.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Ármúli 9 - USK24110321

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 9 við Ármúla. Erindi fylgir mæliblað 1.263.0 dags. 1. október 1975 og hæðarblað dags. 18. september 1974.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Barmahlíð 6 - USK25010022

Sótt er um leyfi til að gera glugga og hurðir og innrétta aukaíbúð í bílskúr, mhl. 02, á lóð nr. 6 við Barmahlíð.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa 28. nóvember 2024

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Bjóla 1 - USK25010160

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að íbúðarhús hefur verið gert upp, einangrað og klætt að utan með báruklæðningu og byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið einbýlishúss á lóðinni Bjóla 1 á Kjalarnesi.

Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Bjóla 2 - USK25010161

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að hlaða hefur verið gerð upp einangruð og klædd að utan með báruklaðningu og notkun breytt í vinnustofu auk þess sem byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið húss á lóðinni Bjóla 2 á Kjalarnesi.

Stækkun: xx.x fermetra, xx.x rúmmetra.

Erindi fylgir ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. Borgartún 33 - USK24120221

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030278 sem snýr að breyttri útihurð og speglun á innihurð í húsi á lóð nr. 33 við Borgartún.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 14. maí 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

7. Brekkugerði 19 - USK25010221

Sótt er um leyfi til þess að stækka kjallara og innrétta þar vinnustofu og geymslu í einbýlishúsi á lóð nr. 19 við Brekkugerði.

Stækkun. 164.3 ferm., 563.4 rúmmetra.

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

8. Bústaðavegur 83 - USK25010103

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23040088 sem snýr að því að hætta við svalir á annarri hæð, dýpka svalir í risi og þar með taka út EI30 gler í húsi á lóð nr. 83 við Bústaðaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Drápuhlíð 14-16 - USK25010222

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, grafa frá húsi á suðurhlíð, byggja hjólaskýli í garði, gera ljósgryfju á norðurhlíð og koma fyrir sorpgerði þar ásamt því að innrétta fimm íbúðir í fyrrum heilsugæslu í húsi á lóð nr. 14 við Drápuhlíð.
Frestað.

Vísað til athugasemda.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. Dyngjuvegur 18 - USK24080149

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061051 sem snýr að sleppistæði verða fjarlægð og bílastæði fatlaðra færð yfir að Langholtsvegi austanmegin við leikskólann á lóð nr.18 við Dyngjuveg.

Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

11. Fossháls 13-15 - USK24120220

Sótt er um leyfi til að setja 1,2 metra steypant vegg á lóðarmörk sem lækkar niður í 1,0 metri við innkeyrslur á lóð nr. 13-15 við Fossháls.
Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við erindið sbr. bókun 23. janúar 2025.

Frestað.
Vísað til athugasemda.

12. Freyjugata 1 - USK24040329

Sótt er um leyfi til þess að innrétta "take away" veitingarstað í flokki 1 tegund d og 2 starfsmenn með tilheyrandi eldhúsi og starfmannaðstöðu í rými 0103 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 1 við Freyjugötu.
Erindi fylgir afrit af ódagsettum viðauka við leigusamning vegna einkaafnota rýmis 0103 af sameign og afrit af aðaltekningu samþykktri 30. mars 1995.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Garðastræti 45 - USK25010174

Sótt er um leyfi til að breyta bílskúr í geymslu við hús á lóð nr. 45 við Garðastræti.

Frestað. Vísað til athugasemda.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Gerðuberg 3-5 - USK24100176

Sótt er um leyfi til að stækka svalir og einangra og klæða að utan menningarmiðstöðina í Gerðubergi á lóð nr. 3-5 við Gerðuberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Grettisgata 79 - USK24120126

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri íbúð í risi og til að byggja kvisti og svalir á hús á lóð nr. 79 við Grettisgötu.

Stærð minnkar um 2,2 fermetra.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við erindið sbr. bókun 23. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hallgerðargata 13 - USK25010074

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055918 þar sem breytt er innra skipulagi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.

Erindi fylgir brunaskýrsla dags. 30. nóvember 2020.

Samþykkt.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

17. Hlaðbær 17 - USK24030335

Sótt er um leyfi til að síkka glugga í kennslustofum og gera dyr þar sem fyrir eru gluggar, gera skábraut við vestur inngang á norðurhlið, einangra og klæða eldri hluta húss með sléttum álplötum, breyta lagnakerfum, styrkja burðarvirki og uppfæra eldvarnir í húsi á lóð nr. 17 við Hlaðbæ.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. Hofteigur 12 - USK25010210

Sótt er um leyfi til þess að breyta bílskúr í vinnustofu og breyta timbur útistiga í stálstiga á húsi á lóð nr. 12 við Hofteig.

Frestað

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. Hraunberg 8 - USK25010217

Sótt er um leyfi til að byggja tvær einnar hæðar viðbyggingar með tengigangi á milli og yfir í eldra verknámshús Fjölbautarskólans í Breiðholti og verður mhl. 02 á lóð nr. 8 við Hraunberg.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 12. janúar 2025, greinargerð um ábygðarsvið hönnuða ódagsett, hljóðvistargreinargerð I frá Myrru dags. 16. desember 2024 og orkurammi dags. 15. janúar 2025.

Stærð mhl. 02, A-rými: 2.751,1 ferm., B-rými: 67,5 fermetrar, 15.991,5 rúmmetrar.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

20. Hrossnes 10-16 - USK24100358

Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum á lóð nr. 10-16 við Hrossnes.

Stærð 393,6 fermetrar og 1072,90 rúmmetrar.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags.

21. Háteigsvegur 33 - USK24110288

Sótt er um leyfi til þess fækka eignum, fjarlægja námsmannaíbúðir 0101, 0102 og 0103 og stækka að sama skapi leikskóla á 1. hæð í fjölbylishúsi nr. 33, mhl.01, á lóð nr. 31-33 við Háteigsveg.

Erindi fylgir greinargerð Cowi um brunavarnir dags. 24 júní 2024, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. júní 2024 og samþykki meðlóðarhafa á aðaluppdráttum og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 17. desember 2002.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

22. Hólmgarður 30 - USK25010105

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057238 þannig að horfið er frá áformum um að reisa steypa viðbyggingu til suðurs ásamt steypum svölum á 2. hæð og þaksvölum ofan á 2 hæð. Í stað þess er sótt um að setja svalir framan við kvist á rishæð sem áður áttu að vera þaksvalir á húsi á lóð nr. 30 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hólmgarður 46 - USK25010104

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030045 með því að dýpka svalir í risi og sleppa svölum á annarri hæð á húsi á lóð nr. 46 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Iðunnarbrunnur 14 - USK24050040

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða tvíbýlishús úr hleðslukubbum, efri hæð klædd steinflís, á lóð nr. 14 við Iðunnarbrunn.

Stærð, A-rými: 282,1 fermetrar., 928,4 rúmmetrar.

B-rými: 71,7 fermetrar. Samtals 353,8 fermetrar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Kleifarvegur 12 - USK25010126

Sótt er um leyfi til að stækka baðherbergi og breyta innra skipulag og til að byggja garðskála undir svölum 1. hæðar í tvíbýlishúsi á lóð nr. 12 við Kleifarveg.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 29. september 2024, yfirlit breytinga, gátlisti umsækjanda og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 14. janúar 2025.

Stækkun: 31,7 fermetrar, 76,6 rúmmetrar.

Eftir breytingu: 442,5 fermetrar, 1.229,2 rúmmetrar.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við erindið sbr. bókun 23. janúar 2025

Frestað. Lagfæra skráningu.

26. Lambhagavegur 33 - USK25010190

Sótt er um leyfi til þess að byggja 2- 4 hæða skrifstofu- og verslunarhús með bílageymslu á lóð nr. 33 við Lambhaga.

Stærð: 5.292,5 ferm., 21.846,4 rúmmetrar.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar, minnisblað Lotu verkfræðistofu um brunavarnir dags. 16. janúar 2025, mæliblað 2.645.1 dags. 26. júní 2012 og hæðablað 2-645-1 dags. 2. febrúar 2023.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Laugavegur 1 - USK25010147

Sótt er um leyfi til þess að endurgera hús og byggja nýbyggingu á bakklið húss á lóð nr. 1 við Laugaveg.

Erindi fylgir mæliblað 1.171.0 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Laugavegur 18 - USK25010173

Sótt er um leyfi fyrir innanhússbreytingum sem snýr að lokun hurðargata, reisa vegg og auka leyfilegan gestafjölda úr 300 í 348 manns í húsi á lóð nr. 18 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Laugavegur 29 - USK25010213

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23090251 þannig að opnað er inní bakbyggingar, gerð skábraut þangað, léttir veggir fjarlægðir og innréttuð rakarastofa í bakhúsi á lóð nr. 29 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Melar II - USK24110305

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr timbri við suðausturgafli einbýlishúss á lóðinni Melar II með landnúmer 125723.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 25. nóvember 2024, vottorð um starfsábyrgðartryggingu dags. 1. apríl 2024 og yfirlit breytinga.

Stækkun: 275,1 fermetrar, 1.155,4 rúmmetrar.

Eftir stækkun: 401,3 fermetrar, 1.577,4 rúmmetrar.

Grenndarkynningu lokið án athugasemda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Norðurstígur 3 - USK25010193

Sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir ofan á núverandi íbúðarhús, fjölga eignum og bæta við tveimur íbúðum í íbúðarhúsi á lóð nr. 3 við Norðurstíg.

Stækkun: 136.7 fermetrar., 414.4 rúmmetrar.

Sambærileg erindi BN053130 og BN057007 voru samþykkt á afgreiðslufundi þann 10. október 2017 og þann 28. janúar 2020 en féllu úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningum THG arkitekta dagsettum 17. desember 2024, afrit af deiliskipulagsuppdraetti fyrir Norðurstígsreit 1.132.0, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2017 og afrit af aðalteikningum sem samþykktar voru 28. janúar 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Óðinsgata 32B - USK24100115

Sótt er um heimild til að byggja sólpall, breyta flóttaleið og gera skyggni yfir anddyri húss á lóð nr. 32B við Óðinsgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Reykjavegur 15 - USK25010194

Sótt er um leyfi til að koma fyrir 10 færanlegum kennslustofum sem verða 1. áfangi "Skólaþorps", sem hýsa á nemendur Laugarnesskóla meðan á endurnýjun hans stendur, á lóð nr. 15 við Reykjaveg.

Stærð: 832,6 fermetrar, 2.959,1 rúmmetrar.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá COWI dags. 15. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Reynimelur 57 - USK24120011

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna viðauka við eignaskiptayfirlýsingu, þannig að aðkomu og innra skipulagi er breytt að íbúð 0301 í risi íbúðarhúss á lóð nr. 27 við Reynimel.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningu nr: 19-01 dags. 20. janúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 19. júní 2012.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Reynimelur 66 - USK24010330

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tvíbýlishús, tvær hæðir á kjallara með inndreginni þakhæð á lóð nr. 66 við Reynimel.

Erindi fylgir yfirlit um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 10. janúar 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2024.

Stærð: 499,4 fermetrar, 1.499,2 rúmmetrar.

Frestað með vísan til athugasemda í umsögn yfirverkfræðings dags. 29. janúar 2025.

36. Seljabraut 38 - USK24100180

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og íbúð hefur verið stækkuð með því að opna upp í þakrými þar sem innréttuð hefur verið geymsla og sjónvarpshol auk þess sem komið hefur verið stiga á milli hæða í íbúð 0401 í fjölbýlishúsi nr. 38, mhl.02 á lóð nr. 36 - 52 við Seljabraut.

Stækkun íbúðar 0401: 33.6 fermetrar, 77.4 rúmmetrar.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í skjölum dags. 17. janúar 2025 og 11. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 22. mars 2005.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Selásbraut 98 - USK24110241

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070145, stækka bílaplan, breyta hjólaskýli og breyta efsta þaki svala í steinsteypu í húsi á lóð nr. 98 við Selásbraut. Erindinu fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Skúlagata 28 - USK25010251

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055171 vegna lokaúttektar þannig að uppsetningu lyftu verður frestað og komið er fyrir snyrtingu fyrir hreyfihamlaða og gerðar eru breytingar á brunamerkingum á 1. hæð í húsi á lóð nr. 28 við Skúlagötu. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 21. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Snorrabraut 77 - USK24110289

Sótt er um leyfi til að hækka ris og skipta í tvær íbúðir einbýlishúsi á lóð nr. 77 við Snorrabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. janúar 2025..

Stækkun: 44,4 fermetrar, 157,9 rúmmetrar.

Eftir stækkun; 268,6 fermetrar. 778,1 rúmmetrar

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Snorrabraut 83 - USK24060305

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun mhl.02 úr bílskúr í gistirými 02-0101 og 02-102 og breyta notkun íbúða í gistiheimili í flokki II tegund d, íbúð 0001 í gistiheimili fyrir 6 gesti í þremur herbergjum, íbúð 0101 í gistiheimili fyrir 10 gesti í 5 herbergjum í íbúð 0101 og 02-0101 og íbúð 0201 í gistiheimili fyrir 10 gesti í 6 herbergjum í húsi á lóð nr. 83 við Snorrabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 21. ágúst 1957.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

41. Stálhöfði 2 - USK24110324

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050360 þannig að fallið er frá hluta af kjallara -1, geymslur eru minnkaðar, innra skipulagi íbúða er breytt, þakfrágangur er uppfærður, lóðarhönnun er breytt, skábrautum breytt í tröppur, djúpgámum fækkað auk þess sem brunahönnun er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 2 við Stálhöfða.

Breytt stærð: 19.383.5 ferm., 54.827.5 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett yfirlýsing ÞG verks vegna fjölda djúpgáma, greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir útgáfa V03 dags. 19. september 2024, greinargerð hönnuðar til skýringa á breyttum stærðum mannvirkis dags. 19. desember 2024, greinargerð hönnuðar dags. 26. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti óstimplaðra aðaluppdráttar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Stórhöfði 15 - USK25010195

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulag í verslunarhúsnæði á lóð nr. 15 við Stórhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 25. nóvember 2011.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Suðurlandsbraut 30 - nýr inngangur - USK24080268

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í rými 0201, innrétta skrifstofur fyrir 70 starfsmenn og fundarrými fyrir mest 200 manns, fækka bílastæðum um þrjú og koma fyrir skábraut og inngangi með aðgengi fyrir fatlaða og skyggni við suðvesturgafi verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 30 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 7. janúar 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 3. október 2024, uppfærð greinargerð hönnuðar dags. 20. janúar 2025, greinargerð hönnuðar dags. 26. ágúst 2024, mæliblað 1.265.0 útgefið 30. október 2006 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 21. október 2003.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Sævarhöfði 33 - Niðurrif - USK25010192

Sótt er um leyfi til þess að rífa skrifstofuhúsnæði mhl01 á lóð nr. 33 við Sævarhöfða

Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun úrgangs.

Stærðir: Ferm. 395,3

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

45. Sæviðarsund 100 - USK24100340

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að byggður hefur verið garðskáli við suðausturhlíð bílskúrs, með aðgengi að verönd og heitum potti auk þess sem gerður hefur verið hurð og tröppur niður í garð frá þvottahúsi einbýlishúss á lóð nr. 100 við Sæviðarsund.

Stærð garðskála 12.1 fermetrar., 27.8 rúmmetrar.

Erindi fylgir afrit mæliblað 1.411.3 dags. í ágúst 1978 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 11. febrúar 1965 .

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Vatnsveituvegur . Fákur - USK24050151

Sótt er um leyfi til að byggja stoðvegg við Faxaból 12 á lóð við Vatnsveituveg Fákur.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Vesturfold 1 - USK24120054

Sótt er um leyfi til að breikka glugga á norðurhlið hússins auk þess eru gerðar breytingar á innra skipulagi efri hæðar húss á lóð nr. 1 við Vesturfold.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

48. Þórðarhöfði 4 - Niðurrif - USK25010175

Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á geymslubröggum mhl.01,02,03,04,05,06,07,08,09,10,11, og 12 á lóð nr. 4 við Þórðarhöfða. Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi. Samtals stærð húsa 4.464 fermetrar.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

49. Öldugrandi 9 - USK25010177

Sótt er um leyfi til þess að breyta bílastæðum á lóð nr. 9 við Öldugranda

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 12:15